

**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík**



Reykjavík, 28. apríl 2006.

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga (732. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er lagt fram í kjölfar dóms EFTA-dómstólsins frá 24. nóvember 2005.

Viðskiptaráð hvetur til þess að íslensk stjórnvöld fari alltaf að tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA og dómum EFTA-dómstólsins, þegar þess er framast kostur. Er því eðlilegt að viðkomandi skattaávilnun sé takmörkuð í ljósi framangreinds dóms. Hinsvegar er að mörgu að hyggja þegar til stendur að breyta framkvæmd sem þessari afturvirk.

Í 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar segir að enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. Í greinargerð með þessu ákvæði sagði að með þessu banni um afturvirkni skattalaga væri ekki aðeins girt fyrir að sett yrðu afturvirk lög um nýja tegund skatta eða gjalda, heldur væri einnig bannað að kveða á um hærra skatta eða gjöld með lagabreytingu, sem gerð væri eftir á, og gilti einu hvort slík hækkun stafaði af breytingu á gjaldstofni eða gjaldahlutfalli. Þá sagði einnig, að í orðalagi ákvæðisins fælist, að löggjöf um skatta myndi teljast afturvirk, ef hún væri sett eftir það tímamark sem skattskyldan eða skatthæðin ætti að taka mið af.

Í Hæstaréttardómi frá árinu 2003, á bls. 2329 í dómasafni Hæstaréttar, er fjallað um svipað álitaefni. Þar hafði maður nokkur notfært sér heimild þágildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt til að draga 80% fjárfestingar í innlendum hlutabréfum upp að tilteknu hámarki frá tekjum sínum en samkvæmt ákvæðinu var heimilt að flytja milli ára fjárhæð umfram frádráttarmörk og nýta á næstu fimm árum. Þetta skatthagræði var hins vegar skert með lögum og samkvæmt þeim var frádrátturinn lækkaður í áföngum á þremur árum en með eldri ónýttan frádrátt skyldi fara eins og fjárfestingin að baki honum hefði átt sér stað eftir gildistöku laganna. Maðurinn höfðaði mál og hélt því fram að með skerðingunni hefði löggjafinn mælt fyrir um afturvirka skerðingu á rétti, sem hann hafði þegar áunnið sér samkvæmt lögum, en ákvæði fyrrnefndu laganna gætu ekki náð til fjárfestinga sem til var stofnað fyrir

gildistöku þeirra þar sem það væri íþyngjandi og afturvirk og í andstöðu við 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar. Hæstiréttur sagði að sá tími, sem sú ívilnunin skyldi gilda, væri bæði fyrirfram gefinn og tiltölulega skammur. Þegar þetta væri virt yrði að fallast á að lagagreinin fæli í sér afturvirkni, sem braut í bága við 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar. Var íslenska ríkinu gert að greiða manninum umræddan mismun.

Í 2. mgr. 1. gr., 2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að ef mismunur á skattgreiðslum alþjóðlegs viðskiptafélags skv. 1. mgr. greinanna hafi farið yfir 100.000 evrur á þriggja ára tímabili skuli fyrirtækið endurgreiða mismuninn. Verður að telja í ljósi þess sem að ofan greinir að það sé vafa undirorpið að ákvæði þetta myndi standast 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar ef það yrði að lögum. Ekkert er hinsvegar minnst á slíkan vafa í greinargerðinni. Skiptir þá engu máli þótt skattaívilnunin hafi brotið í bága við EES-samninginn enda máttu fyrirtækin treysta því að þau ættu rétt til þeirrar skattaívilnunar sem þeim var tryggð með lögum.

Þótt það yrði niðurstaðan að ákvæðin brjóti ekki gegn stjórnarskránni verður að telja að þau séu mjög óeðlileg og ósanngjörn. Ótækt er að láta fyrirtæki endurgreiða ríkinu skattaívilnanir, sem þeim var tryggð með lögum, vegna mistaka sem löggjafinn gerði. Eðlilegt er að fyrirtæki og aðrir skattgreiðendur geti treyst því að þeir njóti þeirra skattaívilnana sem þeim eru tryggð með lögum.

Viðskiptaráð leggur til að 2. mgr. 1. gr., 2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. falli brott en frumvarpið verði samþykkt að öðru leyti.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson